



Matarvenjur

Samkvæmt Kóraninum mega múslimar ekki neyta kjöts nema það sé hreint. Með því er átt við að eingöngu sé þeim dýrum slátrað sem á að borða og það gert í nafni guðs. Dýrið er aflífað og blóðið látið leka úr því. Þessi aðferð tengist heilsufarsástæðum. Múslimar á Íslandi geta þó alveg borðað það kjöt sem fæst úti í búð því slátrun dýra hér á landi samræmist meðhöndlun múslima um hreint kjöt. Matarvenjur á íslenskum heimilum múslima eru því mjög svipaðar og á öðrum heimilum á Íslandi.



Það kemur skýrt fram í Kóraninum að múslimar megi ekki borða svínakjöt eða drekka áfengi og þess vegna er þeim það bannað.

Spurningar

1. Hvað eiga múslimar við með að kjöt sé hreint?
2. Hvaða mat mega múslimar ekki borða?
3. Hvað mega múslimar ekki drekka?
4. Hvað finnst þér um reglur múslima um neyslu á mat og drykkjum?